

<i>Titill:</i>	Notendahópur um verðvísitölur
<i>Fundarstaður og -tími:</i>	5. fundur, haldinn 1. júní 2007 á Hagstofu Íslands
<i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i>	Hallgrímur Snorrason, Guðrún R. Jónsdóttir, Jökull M. Pétursson, Kári Joensen, Lára G. Jónasdóttir og Tryggvi Eiríksson.
<i>Aðrir fundarmenn:</i>	<i>Notendahópur um vísitölu neysluverðs:</i> Ólafur Ísleifsson Háskólanum í Reykjavík, Ásdís Kristjánsdóttir Greiningardeild Kaupþings, Helgi Tómasson Háskóla Íslands, Henny Hinz ASÍ, Emil B. Karlsson Háskólanum á Bifröst.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fastskatta vísitala neysluverðs - kynning.
2. Vísitala framleiðsluverðs – kynning.
3. Breyting á tíma verðuppsöfnunar í janúar 2008, ný lög í mars 2007.
4. Önnur mál.
Staða í PPP-verkefni
Dagskrá næsta fundar, 30. nóvember

Hallgrímur Snorrason bauð fundarmenn velkomna. Kynningu á vísitölu framleiðsluverðs var frestað til haustfundar en aðrar breytingar urðu ekki á útsendri dagskrá fundarins.

1. Fastskattavísitala neysluverðs. Guðrún kynnti vísitölu sem Hagstofan hóf að reikna í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar til lækkunar matvæla-verðs þann 1. mars.
2. Breytingar á tímasetningu verðupptöku frá janúar 2008, staða. Hallgrímur rakti stöðu málsins, m.a. að samþykktar hafa verið breytingar á lögum um vísitölu neysluverðs og á lögum um vexti og verðtryggingu, sem taka gildi þann 1. janúar.
3. Önnur mál.
Staða í PPP-verkefni. Niðurstöður úr evrópskum verðsamanburði á mat og drykkjarvörum, sem framkvæmdur var vorið 2006, verða gefnar út innan skamms. Samkvæmt niðurstöðunum mun á Íslandi áfram mælast hæsta matvöruverð í Evrópu.
Dagskrá næsta fundar, 30. nóvember. Kynning á framleiðsluverðsvísitölu sem frestað var frá þessum fundi. Ekki komu tillögur um annað fundarefni.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjöl með fundargerðinni eru glærur um fastskattavísitölu sem notaðar voru á fundinum.